



Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduósbæjar - 25. fundur  
haldinn að Hnjúkabyggð 33, 28. september 2016  
og hófst kl. 18:00

**Fundinn sátu:**

Valgarður Hilmarsson, formaður  
Brynja Birgisdóttir, aðalmaður  
Erla Ísafold Sigurðardóttir, aðalmaður  
Oddný María Gunnarsdóttir, varamaður  
Bjarni Þór Einarsson, byggingafulltrúi  
Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Þór Bragason,

**Dagskrá:**

- 1. Æfinga- og keppnissvæði Skotfélagsins Markviss - Breyting á aðalskipulagi. – 1510002**  
Kynningarfundur í Félagsheimilinu á Blönduósi. Afgreiðsla í framhaldi af kynningarfundi.  
*Skipulags- umhverfis- umferðarnefnd samþykkir aðalskipulagstillöguna og að hún verði send Skipulagsstofnun til athugunar að lokinni samþykkt sveitarstjórnar, þ.e. málsmeðferð skv. 3. mg. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.*
- 2. Skotæfingasvæði á Blönduósi - Deiliskipulag - 1609001**  
Kynningarfundur í Félagsheimilinu á Blönduósi. Afgreiðsla í framhaldi af kynningarfundi.  
*Skipulags- umhverfis- umferðarnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna og að lokinni samþykkt sveitarstjórnar verði málsmeðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auglýsa skal deiliskipulagstillöguna samhlíða breytingu á aðalskipulagi. Tillaga borin upp og samþykkt samhljóða*
- 3. Brautarhvammur og gönguleið í Hrótey - Breyting á deiliskipulagi. - 1603014**  
Kynningarfundur í Félagsheimilinu á Blönduósi. Afgreiðsla í framhaldi af kynningarfundi.  
*Skipulags- umhverfis- umferðarnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna og að lokinni samþykkt sveitarstjórnar verði málsmeðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auglýsa skal deiliskipulagstillöguna samhlíða breytingu á aðalskipulagi. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.*
- 4. Reykháfur við Reykhús - Umsókn um byggingarleyfi - 1609019**  
Erindi frá SAH- Afurðum, umsókn um byggingarleyfi til að byggja rúmlega 16 m háan reyk háf við reyk hús á Ægisbraut 4, landnúmer 145134. Umsókninni fylgir aðaluppdráttur og burðarvirkisteikning af reyk háfnum gerð hjá STOÐ verkfræðistofu af Þórði Karli Gunnarssyni, teikningar nr. A-100 og B-101 í verki nr. 723916, dags. 7. og 27.09.2016.  
*Nefndin samþykkir byggingaráformin fyrir sitt leyti.*



**5. Verndarsvæði í byggð - Gamli bærinn á Blönduósi. - 1511029**

Blönduós bær hefur fengið úthlutað styrk úr húsfriðunarsjóði 2016. Verndarsvæði í byggð - Gamli bærinn á Blönduósi innan Blöndu. Upphæðin er kr. 4.715.000,-. Sjá meðfylgjandi bréf dags.14.09.2016.

*Yngvi Þór Loftsson frá Landmótun sat fundin undir þessum lið. Rætt var um hvaða vinna væri framundan í undirbúningi verkefnisins. Minjastofnun mun halda fund með ábyrgðarmönnum verkefna sem hafa fengið styrk þar sem farið verður yfir lög og reglur og rætt um verklag við vinnuna.*

**6. Urðarbraut 22 - Umsókn um tilkynnta framkvæmd - 1609026**

Erindi frá Zohoníasi Ara Lárussyni um tilkynnta framkvæmd við útlitsbreytingu á húsinu að Urðarbraut 22. Umsókninni fylgir teikning gerð af Stefáni Árnasyni, byggingarfræðingi í verki númer 2016-42 dagsett 23.9.2016.

*Nefndin samþykkir útlitsbreytinguna.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30**

---

Valgarður Hilmarsson

---

Brynja Birgisdóttir

---

Erla Ísafold Sigurðardóttir

---

Oddný María Gunnarsdóttir

---

Bjarni Þór Einarsson

---

Ágúst Þór Bragason

---